



Borgarráð

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um afstöðu íbúaráða við tillögu áheyrnarfulltrúans um að íbúaráðin finni leiðir til að auka samvinnu við stofnanir í hverfum þeirra***

Á fundi borgarráðs þann 11. júní 2020, var svohljóðandi fyrirspurn vísað til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, sbr. 48. lið fundargerðar borgarráðs s.d:

Í bréfi stýrihóps um innleiðingu íbúaráða dags. 18. febrúar kemur fram að tillögu Flokks fólksins um að íbúaráðin finni leiðir til að auka samvinnu við stofnanir í hverfum þeirra hefur verið sent til allra íbúaráða. Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því og óskar á sama tíma eftir að fá senda afstöðu íbúaráðanna til tillögunnar eftir að um hana hefur verið fjallað á fundum ráðanna.

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Í bréfi stýrihóps um innleiðingu íbúaráða dags. 18. febrúar 2020 til íbúaráða Reykjavíkurborgar er vísað í tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að íbúaráði finni leiðir til að auka samvinnu við stofnanir í hverfum þeirra. Stýrihópurinn vísaði tillögunni til skoðunar allra íbúaráða ásamt gagnbókun borgarráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna, undir liðum 2.,3. og 4. sbr. fundargerð borgarráðs frá 30. janúar. Bréf stýrihópsins hefur verið lagt fram á fundum allra íbúaráða og gaf tilefni til umræðna um eðli og hlutverk íbúaráða. Gjarnan komu fram raddir um að sum efnisatriði tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins séu þegar skilgreind sem hlutverk íbúaráðanna með formlegum hætti. Ekki var bókað sérstaklega undir viðkomandi dagskrárlið á fundum íbúaráðanna. Hins vegar litu íbúaráðin í mörgum tilfalli á bréfið og áður nefnda tillögu Flokks fólksins sem enn frekari og kærkomna hvatningu til að tengjast lykilleikendum í hverfunum sem og viðkomandi hverfi í heild sinni með enn meiri og betri hætti.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir  
mannréttindastjóri

